

14. FUNDARGERÐ - STJÓRNARFUNDUR FÍN

2023-2024

05. FEBRÚAR 2024, KL. 11:15-12:45 – STAÐFUNDUR

MÆTT VORU:

Benóný Jónsson (T), Björg Helgadóttir (T), Bragi Bergsson, Jón Már Halldórsson (T), Kristín Hermannsdóttir, Margrét Geirsdóttir (T), Marianna H. Helgadóttir, Stefán Már Stefánsson, Stella Hrönn Jóhannsdóttir, Svava S. Steinarsdóttir, Torfi Geir Hilmarsson (T), Una Bjarnadóttir, Unnur Magnúsdóttir og Þorkell Heiðarsson.

Fundarritari: Stella Hrönn Jóhannsdóttir

FUNDARGERÐ:

Formaður setti fund kl. 11:23.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið yfir fundargerðir stjórnarfundar 8. janúar sl. og aukastjórnarfundar þann 30. janúar sl.

Afgreiðsla: Samþykkt.

2. Nýtt félagsfólk

- a) 11 einstaklingar hafa sótt um aðild að félaginu og uppfylla skilyrði um aðild.
- b) 1 einstaklingur óskar eftir undanþágu til að fá aðild að félaginu þar sem hann er ekki með bakkalárgráðu en töluverða starfsreynslu, sbr. heimild í lögum félagsins. FÍN hefur ekki samning við vinnustað viðkomandi en um er að ræða ríkisstofnun sem FÍN ætti að geta samið um starfið við.

Umræða.

Afgreiðsla:

- a) Samþykkt.
- b) Afgreiðslu frestað til næsta stjórnarfundar. MHH gerir minnisblað um undanþágur og hvernig þær eru afgreiddar.

3. Beiðni um greiðslu lögfræðikostnaðar

Félagsmaður hefur óskað eftir að fá metið diplómanám sem hann fékk námsleyfi til að taka til launa en stofnunin sem hann vinnur hjá hefur metið það sem svo að námið nýtist viðkomandi ekki í starfi og því verði námið ekki metið til launahækkunar.

Afgreiðsla: Stjórn FÍN samþykkir að greiða lögfræðikostnað vegna málsins.

4. Undirbúningur fyrir aðalfund FÍN

a) Stjórn FÍN

Einn stjórnarmann vantar til 1 árs og einn til tveggja ára.

MHH óskar eftir uppástungum að nöfnum, einu frá sveitarfélögunum og einu frá Landspítala.

b) Lög félagsins

MHH hefur sett tillögur að lagabreytingum inn á TEAMS-svæði stjórnar. Stjórnarmenn eru hvattir til að kynna sér tillögurnar fyrir næsta stjórnarfund.

5. Kjaraviðræður

MHH sendir stjórn „kjarakorn“ eftir fundi sem snerta kjaramál hvort heldur sem er við BHM, á milli aðildarfélaga BHM eða við viðsemjendur, til að halda stjórn upplýstri um stöðu mála.

Fram hefur komið ósk formanns BHM um að FÍN endurskoði afstöðu sína hvað varðar það að veita formanni BHM umboð til samninga við opinbera viðsemjendur fyrir hönd félagsins.

Afgreiðsla: Stjórn FÍN telur að ekki sé tilefni til að endurskoða fyrri ákvörðun hvað varðar ósk formanns BHM um umboð félagsins til samningaviðræðna í samfloti með BSRB og KÍ.

KH vék af fundi kl. 12:50.

Dagskrárliðum 6 – 8 frestað til næsta fundar. MHH mun boða aukafund ef tilefni er til.

6. Kl. 12:00 Aðgerðaráætlun FÍN 2024 - 2028

7. Kl. 12:20 Rekstraráætlun FÍN 2024

8. Kl. 12:30 Önnur mál

Ekki var fleira gert og fundi slitið kl. 12:57.